



Íþróttamiðstöðin Borg

Mánudaga – Fimmtudaga kl. 14–22

Föstudaga **Lokað**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 11–18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530



SÍMANÚMER HJÁ GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPI

Skrifstofa	480 5500
Kerhólsskóli	480 5520
Sundlaug	480 5530
Áhaldahús	480 5531
Félagsheimili	855 5800

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

FÉLAGSHEIMILIÐ BORG 50 ÁRA



Af því tilefni verður boðið til veislu í félagsheimilinu laugardaginn 27. febrúar 2016.

Dagskráin hefst kl. 14.00

- ✓ Samantekt um sögu hússins.
- ✓ Kaffiveitingar.
- ✓ Leikfélagið Borg frumsýnir leikritið

ER Á MEÐAN ER

Höf: Moss Hart - George S. Kaufman

í þýðingu Sverris Thoroddsen.

Leikstjórar eru:

Jónmundur Grétarsson og Lilja Nótt Þórarinsdóttir.

-Íbúar sveitarfélagsins eru velkomnir á

frumsýninguna.

Húsnefndin



FUNDARGERÐ.

382. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 20. janúar 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Karl Þorkelsson í fjarveru Guðmundar Ármanns Péturssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 16. desember 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 16. desember 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 50. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 15. nóvember 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga kl. 7:00-8:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl. 12:00 frá Landflutningum og

kl. 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga kl. 12:00

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla söluaðila.

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl. 8-12 og 13-17 alla virka daga.

Sími skrifstofu 486-1070,
Halldóra og 892-2370 Pálmar
netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371-Dawid útkeyrsla og Selfoss

892-2372-Kamil Flúðir-Reykjavík.

892-2316-Lukasz útkeyrsla

892-2308-Trailer.

*Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar*



Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðva frá 1. september til 30. apríl

	Heiðarbaer	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur				14:00 - 16:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 16:00	
Miðvikudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Fimmtudagur			14:00 - 16:00	
Föstudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Laugardagur	10:00 - 12:00			14:00 - 16:00
Sunnudagur		11:00 - 13:00	14:00 - 17:00	

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladaðag - Annan í jolum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.

Ath.breytt símanúmer

Heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási er:

432-2770

Heilbrigðisstofnun á Selfossi er:

432-2000



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

b) Fundargerð 7. fundar húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 12. janúar 2016.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 7. fundargerð húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 12. janúar 2016.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Afmæli.

Í afmælisveislu Félagsheimilisins Borgar þann 27. febrúar n.k. mun Leikfélagið Borg frumsýna leikritið „Er á meðan er“. Húsnefnd Félagsheimilisins Borgar óskar eftir að sveitarstjórn styrki frumsýningu leikfélagsins svo hægt verði að bjóða afmælisgestum á leiksýninguna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styrkja sýninguna að fjárhæð kr. 200.000.

c) Fundargerð 9. fundar umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. janúar 2016.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 9. fundargerð umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. janúar 2016.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Sorpmál.

Fyrir liggur að samningur sveitarfélagsins við Gámaþjónustuna rennur út í lok ágúst á þessu ári. Umhverfisnefnd leggur til að lögð verði áhersla á hagkvæmi og meiri flokkun í nýju útboði. Sveitarstjórn felur oddvita og varaoddvita að koma með nánari útfærslu fyrir sorpútboð á næsta fund.

d) Fundargerð 5. fundar veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. desember 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- e) **Fundargerð 4. fundar mótuneytisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 12. mars 2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- f) **102. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 7. janúar 2016.**

Mál nr. 9, 10, 11, 12, 13, 14 og 15 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 102. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 7. janúar 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9: 1512042 - Heiðarbraut 14: Lækjarbraut 2a: Breyting á heiti lóðar.

Fyrir liggur umsókn, dags. 27. desember 2015 þar sem óskað er eftir breytingu á heiti lóðarinnar Heiðarbraut 14 í Lækjarbraut 2a. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingu.

Mál nr. 10: 1512043 - Kerið: Deiliskipulag.

Fyrir liggur tillaga að lýsingu skipulagsverkefnis vegna deiliskipulags sem nær til Kersins í Grímsnes- og Grafningshreppi. Markmið deiliskipulagsins verður að móta ramma fyrir uppbyggingu og þróun áningarstaðarins. Að mati sveitarstjórnar samræmist sú uppbygging sem fyrirhuguð er á svæðinu ekki ákvæðum gildandi aðalskipulags. Í aðalskipulaginu kemur eftirfarandi fram: Kerið í Grímsnesi (H1), Kerhóll í Grímsnesi (H2) og ósnortið hraun í Öndverðarnesi II (H3) verði vernduð sem einstakar landslagsgerðir og náttúrufyrirbæri. Öll mannvirkjagerð og jarðrask er með öllu bannað í grennd við náttúruminjarnar.

Mál nr. 11: 1512044 - Víkurbraut 10: Vatnsholt: Aukahús: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn, dags. 18. desember 2015 þar sem óskað er eftir heimild til að byggja 40 m² glerskála á lóðinni Víkurbraut 10 úr landi Vatnsholts. Forsenda leyfisins er að gerð verði breyting á gildandi deiliskipulagsskilmálum.



Minnum á:
Valentínusardaginn 14. febrúar og
Konudaginn 21. febrúar.



Túlípanar og kryddjurtir :)

Opið er alla virka daga frá 10-16 eða eftir samkomulagi.

Sími 669-0108.

Verslunin Borg

Opnunartími í vetur

Mán-lau. 10:00-19:00

Sun. 11:00-18:00

Sími: 486-4408



Heitt á könnunni !

Þorralótsnefndin 2016 þakkar fyrir sig og vonar að allir hafi skemmt sér vel á blótinu.

Í næstu nefnd eru:

*Ása Valdís og Ingólfur, Bíldsbrún
Hildur og Þröstur, Stóru Borg
Mæja og Sissi, Borgarhól
Gunna, Borgarhól og
Jóhannes, Klausturhólum*



Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögfr. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 10, 2 hæð. 800 Selfoss

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gerð verði breyting á ákvæðum 2.3 og 2.4 í gildandi skipulagsskilmálum sem varða húsagerðir og húsastærðir til samræmis við það sem almennt tíðkast í frístundabygðum í sveitarfélaginu. Felur það í sér að byggingarmagn lóða miðist við nýtingarhlutfallið 0.03 og að heimilt verði að byggja allt að 40 m² aukahús til viðbótar við sumarhús. Einnig að gerð verði breyting á ákvæðum hvað varðar lögun húsa á þann veg að hún verði frjáls.

Mál nr. 12: 1512045 - Álfabyggð: Miðengi: Deiliskipulag.

Fyrir liggur lagfærð tillaga að deiliskipulagi frístundabygðar í landi Miðengis. Svæðið er um 48 ha að stærð og er í aðalskipulagi merkt F21a og að hluta 21b, með aðkomu frá Bústjóra-braut. Í deiliskipulaginu er afmarkaðar 56 lóðir á bilinu 5.611 m² til 11.350 m². Fyrir liggur umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 30. júní 2014 auk þess sem nú liggur fyrir úttekt Fornleifastofnunar á svæðinu. Afgreiðslu málsins frestað þar til ný umsögn Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Mál nr. 13: 1512041 - Skyggnisbraut 2 og 2a-c: Hæðarendi: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur beiðni um breytingu á skipulagi við Skyggnisbraut 2 og 2 a-c í landi Hæðarenda. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Afgreiðslu málsins er frestað og skipulagsfulltrúa falið að ræða við umsækjanda um framhald málsins.

Mál nr. 14: 1512039 - Alifugla-, svína- og loðdýrabú: Fjarlægð bygginga að lóðamörkum.

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 17. desember 2015 var óskað eftir því að skipulagsnefnd tæki til umræðu og marki stefnu um fjarlægð bygginga að lóðarmörkum fyrir alifugla, svína og loðdýrabú. Ljóst er að taka þarf tillit til margra umhverfisþátta þegar metið er hvaða fjarlægðarmörk skuli miðað við þegar tekin er ákvörðun um staðsetningu alifugla-, svína- og loðdýrabúa auk annarrar lyktarmengandi starfsemi. Skipulagsfulltrúa er falið að skoða hvaða reglur gilda um viðlíkja starfsemi í öðrum löndum og hvaða gögn þurfi að liggja fyrir við gerð skipulags.

Mál nr. 15: 1601002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-21.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. janúar 2016.

- g) **Fundargerð 31. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 28. desember 2015.**

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 31. fundargerð stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 28. desember 2015. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: 1510006 - Úttekt á starfsemi Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. og Tæknisviðs Uppsveita.

Farið var yfir þær tillögur sem fram koma í skýrslunni. Einnig lagt fram minnisblað sem unnið var af starfsmönnum Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita ásamt fulltrúa af Tæknisviði. Lagt er til að ganga til samninga við Héraðsskjalasafn Árnesinga um skönnun og flokkun eldri gagna og gera um það sérstakan verktakasamning. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gengið verði til samninga við Héraðsskjalasafn Árnesinga.


Stjórn byggðarsamlagsins samþykkir að beina því til aðildarsveitarstjórna að samþykkja að fella starfsemi Tæknisviðsins undir Skipulags og byggingarfulltrúa Uppsveita b.s. frá og með 1. janúar 2016. Eftir samrunann mun fjöldi stöðugilda verða 9. Ef öll aðildarsveitarfélögin samþykkja þessa tillögu er formanni falið að undirbúa breytingar á samþykktum og skipuriti, starfslýsingum og heildar fjárhagsáætlun fyrir nýja starfsemi. Einnig er samþykkt að hefja undirbúning á skilgreiningu á verkefnum er falla undir nýja starfsmenn sem auglýsa þarf eftir og auglýsa sem fyrst eftir nýjum starfsmönnum. Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að fella starfsemi Tæknisviðs Uppsveita undir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. Ingibjörg Harðardóttir greiðir atkvæði gegn tillögunni.

- h) **Fundargerð 13. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 15. desember 2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

FERÐAFÓLK ATH !

Á vefnum gogg.is, neðst á forsíðunni er kortasjá, þar er hægt að setja inn heimilisföng í Grímsnes og Grafningshreppi, ef þú t.d ert að fara í sumarbústað og ratar ekki alveg þá sýnir kortið mjög vel staðsetninguna :)





Sauðfjárræktarfélagið Barmur

Aðalfundur Sauðfjárræktarfélagsins Barms verður haldinn í Félagsheimilinu Borg þriðjudagskvöldið 16. febrúar 2016 kl. 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf

Allir velkomnir

Kæru sveitungar,



Vissuð þið að SASS veitir einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum á Suðurlandi ráðgjöf á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála.

Aðilar sem óska eftir ráðgjöf geta haft samband í síma 480 8200 eða með því að hafa samband beint við ráðgjafa:
www.sudurland.is/radgjof.

Ráðgjöf á vegum SASS er endurgjaldslaus.

Kveðja,
Atvinnumálanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

FEDGAVERK



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur -
jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega.

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

3. Samningur um yfirtöku á kaldavatnsveitu í landi Klausturhóla.

Fyrir liggur samningur um yfirtöku Grímsnes- og Grafningshrepps á kaldavatnsveitu í Klausturhól í landi Klausturhóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

4. Sparidagar á Hótel Örk 2016.

Fyrir liggja upplýsingar frá Hótel Örk um sparidaga eldri borgara. Grímsnes- og Grafningshrepp hefur verið úthlutað vikunni 28. febrúar – 4. mars 2016 og samþykkir sveitarstjórn samhljóða að bjóða öllum íbúum sveitarfélagsins 67 ára og eldri á sparidagana.

5. Beiðni um styrk frá Ferlir vegna heimasíðunnar www.ferlir.is

Fyrir liggur beiðni um styrk frá vefsíðunni www.ferlir.is að fjárhæð kr. 7.900 til að viðhalda vefsíðunni. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. Bréf frá Minjastofnun vegna umsagnar stofnunarinnar við deiliskipulagi í landi Miðengis, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Minjastofnun, dagsett 6. janúar 2016 vegna umsagnar við deiliskipulag í landi Miðengis (Álfabyggð), Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. Samþykktir fyrir Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps.

Lagðar fram að nýju til seinni umræðu samþykktir fyrir Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samþykktir og beinir því til Nemendaráðs og æskulýðs- og menningarmálanefndar að tilnefna fulltrúa á grundvelli samþykktanna. Skv. 10. gr. samþykktanna skipar sveitarstjórn Gerði Dýrffjörð sem starfsmann ráðsins.

8. Bréf frá forsvarsmönnum Advania vegna samruna Advania og Tölvumiðlunar.

Fyrir liggur bréf frá forsvarsmönnum Advania, dagsett 18. desember 2015 þar sem greint er frá samruna Advania og Tölvumiðlunar. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Hermanní Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra skáta vegna alþjóðlegrar gæðaúttektar Skátahreyfingarinnar 2015.

Fyrir liggur bréf frá Hermanní Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra skáta, dagsett 29. desember 2015 þar sem greint er frá alþjóðlegri gæðaúttekt á starfi Bandalags íslenskra skáta. Niðurstaða úttektarinnar er sú að BÍS er í hópi 10% bestu landa í úttektum á skátahreyfingum í heiminum og var BÍS hrósað sérstaklega fyrir heiðarlegt starf og gegnsæi í rekstri. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá Guðjóni Bragasyni, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna vinnu um samræmda lóðaafmörkun.

Fyrir liggur bréf frá sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðjóni Bragasyni, dagsett 8. janúar 2016 þar sem kallað er eftir ábendingum frá sveitarfélögum um samræmda afmörkun lóða innan sveitarfélaganna vegna mannvirkja á vegum orkufyrirtækjanna. Bréfið lagt fram.

11. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu ásamt svarbréfi sveitarstjóra sem varða grunnskólagöngu milli lögheimilissveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dagsett 6. janúar 2016 ásamt svarbréfi frá sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps, dagsett 12. janúar 2016 sem varða grunnskólagöngu milli lögheimilissveitarfélaga. Bréf Innanríkisráðuneytisins lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi bréf sveitarstjóra.

Heildarlausnir í hönnun húsa

Aðaluppdrættir - Burðarþols og lagnateikningar



ORLOFSHÚS-ÍBÚÐARHÚS-ATVINNUHÚSNÆÐI



BJÓÐUM EINNIG UPPÁ GERÐ ÁHÆTTUMATS OG GPS MÆLINGAR

EFFORT
....TEIKNISTOFA....

KRAFTAVERK



899-8180
697-6946



birgirleo@outlook.com
otb@effort.is





Velkominn Þorri



12. Svarbréf lögmanns sveitarfélagsins, Óskars Sigurðssonar hrl. til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna breytinga á deiliskipulagi í Kiðjabergi.

Lagt fram svarbréf frá lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl, til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dagsett 15. desember 2015 vegna breytinga á deiliskipulagi í Kiðjabergi. Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi bréf.

13. Svarbréf lögmanns sveitarfélagsins, Óskars Sigurðssonar hrl. til Yfirfasteignamatsnefndar vegna stjórnslukæru Björgvins Magnússonar um álagningu fasteignaskatta á Kiðjaberg 77, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lagt fram svarbréf frá lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl, til Yfirfasteignamatsnefndar, dagsett 15. desember 2015 vegna stjórnslukæru Björgvins Magnússonar um álagningu fasteignaskatta á Kiðjaberg 77, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi bréf.

14. Bréf frá Björgvini Magnússyni þar sem tilgreindar eru fjöldi áætlaðra gistinátta árið 2016 í Kiðjabergi 77.

Fyrir liggur bréf frá Björgvini Magnússyni, dagsett 17. desember 2015 þar sem tilgreindar eru fjöldi áætlaðra gistinátta árið 2016 í Kiðjabergi 77. Afgreiðslu málsins frestað þar til úrskurður Yfirfasteignamatsnefndar liggur fyrir.

15. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2010 – 2022.

Fyrir liggur tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss 2010 – 2022. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi breytingu.

16. Skert pósthjónusta í dreifbýli.

Fyrir liggur að þjónusta Íslandspósts mun skerðast í dreifbýli þann 1. mars n.k. og gjaldskrá hækkar. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps mótmælir harðlega skertri pósthjónustu í dreifbýli samhliða hækkun á gjaldskrá. Þessi ákvörðun er í hrópandi ósamræmi við eflingu byggðar á landsbyggðinni.

17. Samkomulag um liðveislu og ferðapjónustu á Sólheimum.

Fyrir liggur að samkomulag um liðveislu og ferðapjónustu á Sólheimum rann út um áramótin. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela stjórn Bergrisans bs. að semja fyrir hönd sveitarfélagsins á grundvelli reglna Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um umfang þjónustunnar.

Til kynningar

- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 833. stjórnarfundar, 30.11 2015.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 834. stjórnarfundar, 11.12 2015.
- ✓ Hjálparsveitin Tintron, ársreikningur 2014.
- ✓ Ungmennafélagið Hvöt, ársreikningur 2014.
- ✓ Bréf frá verkefnastjóra Hreyfiviku UMFÍ, Sabínu S. Halldórsdóttur, dagsett 21. desember 2015 vegna Hreyfiviku UMFÍ 2016.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:00

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR
SKRIFSTOFAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA
FRÁ KL. 9:00 - KL. 15:00



Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: gogg@gogg.is
Sími: 480-5500

Kerhólsskóli leikskóladeild



Velkominn Þorri





Velkominn Þorri



Leikdeild Ungmennafélags Biskupstungna
sýnir gamanleikinn



Brúðkaup



eftir Guðmund Ólafsson.

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson.

Sýnt í Félagsheimilinu Aratungu

Frumskýning: Föstudaginn 5. febrúar

2. sýning: Sunnudaginn 7. febrúar

3. sýning: Miðvikudaginn 10. febrúar

4. sýning: Fimmtudaginn 11. febrúar

5. sýning: Föstudaginn 12. febrúar

6. sýning: Fimmtudaginn 18. febrúar

7. sýning: Laugardaginn 20. febrúar

8. sýning: Sunnudaginn 21. febrúar

Allar sýningar hefjast kl: 20:00

Upplýsingar í síma 896-7003

Á undan leiksýningum býður Café Mika Reykholti
upp á sérstakan leikhúsmatseðil.

Upplýsingar og borðapantanir

í síma 486-1110



Aðalfundur Kvenfélags Grímsneshrepps 2016
verður laugardaginn 21. febrúar 2016,
kl. 11.00 í Félagsheimilinu Borg.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkv. lögum
félagsins

Léttar veitingar

Gjald vegna veitinga er 1.000 kr. sem rennur í ferðasjóðinn.

Allar konur hjartanlega velkomnar ☺



Fréttatilkynning frá Kvenfélagi Grímsneshrepps

Á haustfundi Kvenfélags Grímsneshrepps var tekin fyrir úthlutun úr tombólusjóði félagsins 2015. Samþykkt var að veita Ljósinu styrk í formi þrekhjóls og annars búnaðar til sjúkraþjálfunar að verðmæti 300.000,- kr. Er það von kvenfélagsins að þessi gjöf styrki enn betur stoðir undir það góða starf sem Ljósið er. Hjólið var afhent Ljósinu í lok janúar.

Á meðfylgjandi mynd má sjá Guðmund Hauk Guðmundsson, sjúkraþjálfara hjá Ljósinu, Laufeyju Guðmundsdóttur, formann Kvenfélags Grímsneshrepps og Ernu Magnúsdóttur, forstöðumann Ljóssins.



LJÓSIÐ



SUNDGARPAR OG DROTTNINGAR

Ekki láta þetta framhjá ykkur fara!

Sundleikfimi í sundlauginni að Laugarvatni mánudaga og miðvikudaga klukkan 17:00-18:00. Frábærir tímar og frábær hreyfing sem hentar öllum.

Næsta námskeið byrjar 15. febrúar og er til 16. mars.
10 skipti á 13.000 kr. hver og einn borgar sig svo ofan í laugina.
Fjölbreyttar æfingar og góður félagsskapur.

Skráningar í síma 820-4464 og í tölvupósti emj1@hi.is
Emilía Jónsdóttir íþróttakennari

SKÁKDAGURINN 2016.

Sjá nánar á www.kerholsskoli.is





Grísakjöt beint frá bónda

Sími 771-4465

Við erum á Sólheimahringnum




Kæru heldriborgarar!

*Sundlaugin er opin fyrir ykkur á
mánudags- og fimmtudagsmorgnum*

frá kl. 10:00—12:00.

Frítt inn og kaffi á könnunni !



Leikfélagið Borg
sýnir gamanleikinn

ER Á MEÐAN ER

Höf: Moss Hart - George S. Kaufman
Í þýðingu Sverris Thoroddsen

Leikstjórar eru:
Jónmundur Grétarsson
og
Lilja Nótt Þórarinsdóttir

Sýnt í Félagsheimilinu Borg

2. sýning 4. mars kl. 20:00
3. sýning 5. mars kl. 16:00
4. sýning 6. mars kl. 16:00

Upplýsingar og miðapantanir í síma 893-6101 eða í
tölvupósti á netfangið leikfelagidborg@gmail.com



Grúskað í gömlu dóti

Ég bið ykkur fyrir alla muni að eyða meiri orku í að búa unglingana undir að fara þann veg sem þeir eiga að fara, en að búa veginn undir för þeirra.....

Ben Lindsay, bandarískur dómari.

Ég get ekki stillt mig um að hefja pistil mánaðarins á ofanritaðri tilvitnun. Hvað svo sem menn lesa útúr þessu, er jafnvíst að þessi tilmæli varða á einhvern hátt flest það sem borið hefur á góma í þessum þáttum. Alls ekki er útilokað að þeim sem hér lemur lyklaborð finnist þarna til sín talað, og kannski gildir það um aðra þá er þetta lesa og hafa með uppeldismál að gera? Þetta vekur ótal spurningar og viðbrögð þegar betur er að gáð! Hvað sem því líður: Nú er rétt að fara að byrja á pistlinum.

Stofnun foreldrafélags

Ég rakst á dögnum á gamla fundargerðabók. Fyrstu færslur í þeirri bók eru nú orðnar meira en 60 ára gamlar (raunar jafngamlar undirrituðum pistla-höfundi) og greina frá stofnun foreldrafélags við Ljósafossskóla í Grímsnesi og fyrstu fundum þess. Ég hygg að fátítt hafi verið að foreldrafélög störfuðu í þann tíð, kannski að foreldrar skólabarna í Grímsnesi, Grafningi og Þingvallasveit hafi þá verið allt að 30 árum á undan sinni samtíð? Fyrir þær sakir væru þessar bækur þeim mun merkilegri – jafnvel þótt þetta fyrsta foreldrafélag sveitarskólans yrði nú ekki langlíft.

Það er skemmt frá því að segja að þetta er afar fróðleg lesning, og langar mig að gera hér stuttlega grein fyrir nokkrum áherslupunktum foreldra barnaskólakrakka frá þessum tíma, og kannski gera ofurlitla tilraun til að mæta þau við samtímann.

Stofnfundur félagsins var haldinn þann 25. október 1954

Skólinn hafði þá starfað frá 1946, fyrstu árin í bráðabirgðahúsnæði (Vilpan, vinnubúðir Landsvirkjunar) og frá því fyrir eða um 1950 í nýju skólahúsi í landi Efríbrúar. Eitt haustið var ekki hægt að fá inni í Vilpunni, og var þá skólinn hýstur – fram að áramótum - heima á Búrfelli, hjá Páli Diðrikssyni og Laufeyju Böðvarsdóttur. Böðvar sonur þeirra Búrfellshjóna var þá skólastrákur, og á ljúfar minningar frá þessu hausti.

Frá upphafi var skólastjórinn Böðvar Stefánsson frá Minniborg (sem nú er nýlátinn í hárra elli).

Á þessum stofnfundi Foreldrafélags Ljósafossskóla tók Böðvar skólastjóri fyrstur til máls og lýsti tilgangi fundarins og félagsins:“að efla samstarf og kynningu milli skólans og foreldra þeirra barna er skólann sækta“. Böðvar taldi að í skólastarfinu bæri að leggja mikla áherslu á lestur og reikning. En hvað skyldi hafa verið eftirsóknarverðast – að mati skólastjóra - af þeim gæðum sem enn voru ekki í hendi? Jú, góðir hálsar: Bókasafn við hæfi barna. Ennfremur taldi hann kvikmyndasýningar mjög til góðs. Og svo kvað við kunnuglegt stef um álitamál allra tíma, heimanám skólabarnanna. Hvað sýndist fundarmönnum um það?



TRAUSTI
HESTAMANNAFÉLAG

stofnað 1960



Aðalfundur Hestamannafélagsins Trausta í Grímsnesi, Laugardal, Þingvallasveit og Grafningi verður haldinn á Borg í Grímsnesi sunnudaginn 14. febrúar n.k. kl. 20:00.

Dagskrá aðalfundar er, samkvæmt lögum félagsins, eftirfarandi:

1. Kosnir fastir starfsmenn fundarins
2. Skýrsla stjórnar
3. Framlagðir endurskoðaðir reikningar fyrir síðastliðið ár.
4. Nefndir gefa skýrslu.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og afgreiðsla reikninga.
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7. Lagabreytingar
8. Aðrar tillögur til afgreiðslu á fundinum
9. Kosning stjórnar og varastjórnar
10. Kosning tveggja endurskoðenda og varaendurskoðenda
11. Fundargerð, tekin afstaða til lestrar eða annarar afgreiðslu.
12. Önnur mál.

Aðalfundurinn getur með 2/3 greiddra atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram, eftir að dagskrá fundarins var auglýst.

Kaffiveitingar í boði stjórnar.

Stjórn hmf. Trausta.

SVEITAMARKAÐUR SUMARIÐ 2016

Kæru sveitungar,

Til stendur að koma af stað sveitamarkaði sumarið 2016 ef næg þátttaka verður.

Áætlað er að að koma fyrir litlu húsi við Íþróttamiðstöðina á Borg þar sem að sveitungum stendur til boða að selja afurðir sínar.

Áhugasamir hafið samband við Hildi á hildurm66@gmail.com eða í síma 863-9503

Bestu kveðjur Atvinnumálanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.



Kerhólsskóli

Námmat í hegðun og stundvísi

Næstur talaði Guðni Guðbjartsson á Ljósafossi (afi Baltasars Kormáks, svo ég reyni að tengja þetta við nútímamenn). Guðni taldi að það væri ljóður á ráði skólans að gefa ekki einkunn fyrir hegðun og stundvísi. Og hverju haldiði að skólastjóri hafi þá svarað: Að hann vildi ekki fara úti að gefa einkunnir fyrir hegðun og stundvísi, nema þá í orðum (ekki tölum)! Er hér ekki komin hugmyndin að fyrirkomulagi námsmatsins í Kerhólsskóla í því sem nú heitir skólafærni – og öðrum greinum sosum líka: Umsagnir en engar einkunnir.

Í næstu fundargerðum bar ýmislegt á góma eins og nærri má geta, og auðvitað helst það sem að mátti finna eða sérstök ástæða þótti til að bæta úr: Skortur á peningum til frekari uppbyggingar kennsluáðstöðu og til kaupa á borðum og stólum, framúrkeyrsla á fjárhagsáætlun v/ skólastarfsins. Ónóg eða engin leikfimi- og handavinnukennsla kom oft til tals – og nauðsyn á þessu tvennu lagði einn fundarmanna að jöfnu (Guðmundur Guðmundsson á Efribrú). Annar fundarmaður taldi leikfimikennslu mjög nauðsynlega, jafnvel fremur en handavinnu! Þá var talað um vöntun á stökkhestum og dýnu, umgengni um skólalúsið og hreingerningar; þær voru um tíma í höndum skólabarnanna! Ræddar voru hugmyndir um kennslu í mótfræði, tannlækningar skólabarna með tilstyrk hreppsins, kaup og starf skólaráðskonu, heimanám og ábyrgð aðstandenda skólabarna, samstarf skólastjóra og foreldra – og takið eftir, lesendur góðir, nauðsyn á aukinni útiveru og útinámi skólabarnanna.

Ekkert er nýtt undir sólinni

Í stuttu máli: Margt af því sem þarna er frá sagt, er enn meðal ágengra viðfangsefna skólasamfélagsins. Hér í Kerhólsskóla er hægt að nefna sígild viðfangsefni sem sum flest hafa verið til umfjöllunar í þessum pistlum: Lestur og læsi skólabarna, nauðsyn þess að efla bókasafn skólans, verðing þess að gera verkgreinakennslu og kroppatamningu hátt undir höfði, heimanám, verkaskipting milli heimilis og skóla, samstarf foreldra og kennara, og að sjálfsögðu útinámið.

Um námsmat var oftlega rætt á fundum gamla foreldrafélagsins, einkum hvort gefa ætti einkunnir í orðum eða tölum. Hér í Kerhólsskóla hafa mörg undanfarin ár verið gefnar skriflegar umsagnir fyrir allar námsgreinar, en segja má að nú séu blíkur á lofti, því ákveðið hefur verið af yfirvöldum menntamála að einkunnir skuli framvegis gefnar í bókstöfum: A, B, B+, C+, C og D. Einsýnt er að við verðum að aðlaga okkur að því kerfi, að minnsta kosti í elstu bekkjum skólans. Við grunnskólakennarar erum nú að búa okkur undir upplýsingaöflun, umræður og ákvarðanatöku í þeim efnum. Kannski meira um það seinna.....

Heimildir: Fundargerðir úr skólasögu GogG.
Munnleg heimild: Böðvar Pálsson, Búrfelli.

Gamla Borg
KAFFIHÚS OG VEISLUSALUR
Í HJARTA GRÍMSNESS



Prjónakaffi á Gömlu Borg

Fyrsta þriðjudagskvöld í hverjum mánuði
kl. 20:00 er prjónakvöld á Gömlu Borg.

Allir velkomnir og munið eftir prjónunum!



Saumakompan Kringlu Grímsnesi



Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur



Elsa Jónsdóttir
Sími 486 4515



Borg í sveit :)

- Alvöru sveitadagur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Laugardaginn 28. maí 2016


verður viðburðurinn **Borg í sveit :**)
haldinn í annað skipti.

Þennan dag, líkt og síðast, munu fyrirtæki, bændur
og einstaklingar í sveitarfélaginu taka höndum
saman, hafa opið hjá sér og bjóða gesti og
gangandi velkomna í heimsókn.

Áætlað er að dagskráin sé frá kl. 11-16 en hafi fólk
áhuga á að hafa opið lengur eða vera með tilboð
lengur þá er það einnig velkomið.

Það geta allir verið með.

Við hvetjum alla sem hafa áhuga á að taka þátt að
skrá sig annað hvort í síma 859-9557 eða í
gegnum tölvupóst asavaldis@gogg.is
fyrir 15. apríl.



Kveðja Atvinnumálanefnd
Grímsnes- og Grafningshrepps